

LISTIR



Karlakórinn Fóstbræður.

Orgelhljómur og voldugur karlakór

TÓNLIST

Hallgrímskirkja
ORGELTÓNLEIKAR

Mattias Wager orgelleikari lék verk eftir Ives, Karg-Elert, Hildén og eigin spuna. Laugardagurinn 28. febrúar 2004 kl. 12.

Langholtskirkja
KÓRTÓNLEIKAR

Karlakórinn Fóstbræður, Elín Ósk Óskarsdóttir sópran, Stefán Helgi Stefánsson tenór, Smári Sigurðsson bassi, og Steinunn Birna Ragnarsdóttir pianóleikari. Stjórnandi Árni Harðarson. Miðvikudagurinn 3. mars 2004 kl. 20.

KLAISORGELIÐ hljómar er tónleikaröð á vegum Listvinafélags Hallgrímskirkju. Orgelið kemur á óvart var yfirskrift tónleika sænska organistans Mattiasar Wager laugardaginn 28. febrúar.

Mattias hefur undanfarin ár komið reglulega til Íslands til að kenna nemendum Tónskóla Þjóðkirkjunnar spuna eða leik af fingrum fram og litúrgískan orgelleik sem er stór þáttur í daglegu starfi kirkjuorganista og þeir þurfa því að hafa góð tök á og geta beitt fyrirvaralaust.

Fyrst hljómuðu tilbrigði eftir ameríska tónskáldið Charles Ives (1874–1954) yfir lagið America sem er betur þekkt á Íslandi sem Eldgamla Ísafold. Ives var aðeins 14 ára þegar hann gerðist organisti í babbistakirkjunni í Danbury og þar samdi hann tilbrigðin 1891. Ives gerir hér ýmsar tilraunir með raddir orgelsins og einnig má heyra nokkrar rytmískar tilraunir. Þótt verkið sé stundum dálítið sundurlaust þá er það ótrúlega þroskað miðað við ungan aldur tónskáldsins. Wager notaði verkið til að sýna að orgelið getur komið á óvart og nýtti ýmsar raddir orgelsins til þess. Undirritaður sagnaði þó þykkara og kraftmeira registurs á nokkrum stöðum og meiri hrynskerpu í rytmisku jazzkaflana. Valse mignonone eftir þýska tónskáldið Sigfríð Karg-Elert (1877–1933) var næst á dagskrá. Karg-Elert hefur samið nokkur bitastæð orgelverk en þetta litla verk sem hér var flutt er einskonar hugleiðing sem lætur lítið yfir sér en læt-

ur vel í eyra. Næst var orgelmessa yfir BACH eftir Svíann Erland Hildén (f. 1963) Kyrie í B dúr, Glória í A dúr, Sanctus í C dúr og Agnus Dei í H dúr. Verkið byggist á sífelldu flæði nokkurra tóna og náði ekki að vekja áhuga undirritaðs sem hugsaði á meðan hvort það væru engin takmörk fyrir hvernær mætti kalla sig tónskáld. Verkið var í heild tilbreytingarlaus og minnti á lélegan og hugmyndalausn spuna. Síðast á efnisskránni var spuni Mattiasar Wager yfir tvö stef sem hann fékk í upphafi tónleikanna. Það fyrri var lag Kaldalóns, Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn og hitt úr þjóðlaginu Sofðu, unga ástin mín. Spuni Mattiasar var mun hugmyndaríkari en áður nefnd messa eftir landa hans. Hugmyndaauðgin í raddavalinu skemmdi ekki og nutu þessi stef sín vel í spunanum og einnig þegar hann spann yfir þau bæði samtímis og var það góður endir á tónleikunum.

Drynjandi karlaraddir

Vortónleikar Karlakórsins Fóstbræðra voru óvenjusnemma á ferðinni þetta vorið og ástæðan eru miklar annir framundan hjá kórnum bæði hér heima og erlendis.

Kórinn helgaði fyrri hluta tónleikanna Jóni Ásgeirssyni tónskáldi og fyrrum stjórnanda kórsins en hann fyllti 75 árin sl. haust. Ég leyfi mér að efast um að Jóni verði nokkurn tíma full þakkað það gífurlega framlag sem hann hefur af hendi látið til íslenskrar kórtonlistar, bæði með frumsömdum lögum og snjöllum raddsetningum. Jón hefur nefnilega alveg sérstakt lag á að láta lag og texta falla þannig saman að vel sönghæft sé, enginn vondur stafur á vondri nótu í neinni rödd og þrátt fyrir að sneiða hjá þessum gildrum er allt svo lagrænt og grípandi. En Jón hefur ekki bara samið kórtonlist, eftir hann liggja einnig einsöngslög, kammerverk, orgelverk og óperur svo eitthvað sé nefnt. Auk þessa og mikillar kennslu hefur

Jón einnig fengist við söngstjórn og má þar nefna Kennaraskólakórinn, Liljukórinn, Söngsveitina Filharmoníu o.fl. og svo Fóstbræður um tíma.

Hvorki meira né minna en tólf lög Jóns voru flutt á fyrri hluta tónleikanna. Þrjú stemmur, Þrjú íslensk kvæðalög, Ragnar pokamaður en þar söng Stefán Helgi Stefánsson einsöng sem og í Stökum Sigurðar Breiðfjörð. Tröllaslagur fylgdi þar á eftir og því næst söng Elín Ósk Óskarsdóttir með kórnum í Visum Vatnsenda-Rósu og síðan ein lagið Vor hinsti dagur. Kórinn minntist góðs vinar síns og féлага Helga Sæmundssonar á þessum tónleikum. Helgi samdi kvæðið Blómarósir og færði kórnum að gjöf. Kórinn fékk síðan fyrrverandi stjórnendur til að semja lag við kvæðið og hér var flutt framlag Jón Ásgeirssonar. Fallett lag fyrir pianó og kór sem var glæsilega flutt. Af efnisskrá fyrir hlutans fannst undirrituðum flutningurinn á Tröllaslag, Visum Vatnsenda-Rósu og Blómarósir bera af. Kórinn var dálítið grófur í byrjun tónleikanna og átti til að syngja sig í sundur en það lagaðist þegar á leið og hljómurinn varð fyllri og í betra innbyrðis jafnvægi. Einsöngurinn hjá Stefáni var ekki upp á það besta, allavega ekki það besta sem ég hef heyrt til hans. Söngur Elínar var góður og Vor hinsti dagur var virkilega fallett.

Lagið Olaf Tryggvason eftir Reissiger og Gryning vid havet eftir Hugo Alvén voru virkilega góð og nú kominn góður heildarhljómur í kórinn, falleg dýnamík og tignarlegur flutningur. Eteläpohjalainen kansanlaulu í útsetningu Eriks Bergman kom skemmtilega út. Lög Griegs Våren og En Dröm söng Elín Ósk og kórinn með henni í því fyrri, flutningur beggja laganna var glæsilegur. Stefán söng síðan mjög fallega hið margfræga rússneska Ókuljóð og hér var allt annar Stefán á ferðinni heldur en í fyrri hlutanum. Fjórir þættir úr óperunni Oedipus Rex eftir Stravinsky var síðast á efnisskránni, en kórinn er að æfa verkið til flutnings hér heima og í Rússlandi í vor. Kórinn var virkilega góður í sínu hlutverki og Elín Ósk fór á kostum í tülkuninni á örvæntingarfyllri morðingjamóður og kórfélaginn Smári Sigurðsson söng sendiboða í einum þættinum. Þetta var mjög góð kynning á næsta framtíðarverkefni kórsins og lofar góðu um árangurinn. Allur pianóleikur var í góðum höndum Steinunnar Birnu Ragnarsdóttur og Árni Harðarson leiddi hópinn sinn af miklu öryggi og músikalskri mótun.

Sýningin stendur til 18. apríl. Opið virka daga kl. 10–17, um helegar kl. 13–16.


Staður, Eyraþakka, kl. 20.30
Davíð Samúelsson og Marentza Poulsen, í samstarfi við Samkór Sel-foss, efna til Færeysks menningarkvölds, „Fárayist hugnakvöld“. Davíð mun syngja og stjórnar fjöldasöng, Samkóri Slefoss syngur undir stjórn Editar Molnar.

● Sjá einnig Staður og stund á mbl.is

Jón Ólafur Sigurðsson

Sýning Ólafs Eliassonar framlengd

AFRÁÐIÐ hefur verið að framlengja sýningu Ólafs Eliassonar, Frost Activity, í Listasafni Reykjavíkur til 25. apríl. Aðsókn að sýningunni hefur farið fram úr björtustu vonum og ekkert lát virðist vera þar á. Í samráði við listamenn og sýningastjóra verða því þær sýningar, sem opna



Frá sýningunni Frost Activity í Hafnarhúsinu.

á lok mars, færðar fram á haust.

Á þeim rúmu sjö vikum sem sýningin hefur staðið hafa 25.000 gestir komið í safnið, en slíkur fjöldi hefur aldei sótt einstaka listsýningu í sögu Listasafns Reykjavíkur. „Þessi mikla aðsókn hefur haldist í hendur við aukna eftirspurn gesta í skipulagðar leiðsagnir, aðsókn að fræðsludagskrá, fyrirlestri og listamannspjalli í tengslum við sýninguna,“ segir Soffía Karlsdóttir kynningarstjóri. „Fram til þessa hafa rúmlega fjögur þúsund nemendur á öllum aldri; frá leikskólastigi til háskólastigs notið leiðsagnar fagfólks um

sýninguna og búið er að bóka fjöldann allan af hópum fram til loka sýningarinnar. Um eitt þúsund safngestir hafa komið í skipulagðar sunnudagsleiðsagnir en auk þess hefur verið fullbókað í fjölmörg námskeið og listasmiðjur sem safnið hefur staðið fyrir. Þá var fullt út úr dyrum á fyrirlestur Gunnars J. Árna-áttí í lok mars, færðar fram á haust. sonar um Ólaf Eliasson og á listamannspjall þar sem Ólafur og listheimspekingurinn Daniel Birnbaum ræddust við. Þessi mikla eftirspurn eftir skipulagðri fræðslustarfsemi á sér enga hliðstæðu í starfi Listasafns Reykjavíkur,“ segir Soffía.

Þá hefur sýningin vakið verðskuldaða athygli utan landsteinanna en fjölmargir erlendir blaðamenn hafa komið gagnert til Reykjavíkur til að fjalla um hana. Þegar hafa birst nokkrar greinar og dómar í blöðum og tímaritum og meira er að vænta innan tíðar.

KAUPTHING SICAV

Société d'Investissement à Capital Variable
12, rue Guillaume Schneider, L-2522 Luxembourg
Companies Registrar Luxembourg No B 72.942

Tilkynning til eigenda hluta í Kaupthing Sicav

Stjórn verðbréfasjóðsins KAUPTHING SICAV („sjóðurinn“) hefur ákveðið að breyta núgildandi útboðslýsingu í samræmi við neðangreint:

- Breyta nafni sjóðsins í „KAUPTHING MANAGER SELECTION“
- Breyta nafni sjóðsdeildarinnar „KAUPTHING SICAV-America“ í „KAUPTHING MANAGER SELECTION-North America“
- Breyta nafni sjóðsdeildarinnar „KAUPTHING SICAV-Europe“ í „KAUPTHING MANAGER SELECTION-Europe“
- Breyta nafni sjóðsdeildarinnar „KAUPTHING SICAV-Asia“ í „KAUPTHING MANAGER SELECTION-Asia Pacific“
- Breyta nafni sjóðsdeildarinnar „KAUPTHING SICAV-New Opportunities“ í „KAUPTHING MANAGER SELECTION-Emerging Markets“
- Breyta nafni sjóðsdeildarinnar „KAUPTHING International Equity“ í „KAUPTHING MANAGER SELECTION-Global Styles“
- Sjóðurinn verði aðlagður ákvæðum gildandi laga í Lúxemborg frá 20. desember 2002 sem fjalla um sjóði um sameiginlega fjárfestingu, og tóku gildi 13. febrúar 2004.
- Breyta fjárfestingarstefnu allra sjóðsdeilda sjóðsins á þá leið að hætt verður að fjárfesta eingöngu í Fidelity sjóðum og Luxembourg UCITS sjóðum. Í framtíðinni mun hver sjóðsdeild fjárfesta á bilinu 50% - 100% af eignum sínum í UCITS og/eða öðrum UCIs í skilningi greinar 1(2) í UCITS tilskipun 85/611/EB eins og nánar er skilgreint í útboðslýsingu, grein 3.2. sem fjallar um fjárfestingatakmörkin, a-liður 5 málsgrein. Í undantekningartilvikum hefur hver einstök sjóðsdeild heimild til að eiga reiðufé og peningamarkaðsskjöl allt að 10% af heildareignum sjóðsdeilda í þeim tilgangi að mæta innlausnum. Sjóðsdeildir sjóðsins munu ekki fjárfesta í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu ef umsýslubókun er hærri en 2,5%.
- Kaupping Búnaðarbanki hf. verði aðaldreifingaraðili sjóðsins.

Ofangreindar breytingar skulu koma fram í uppfærðri útgáfu af útboðslýsingu sjóðsins sem dagsett er í febrúar 2004 og verður til reiðu á skrifstofu sjóðsins.

Eigendur hluta í sjóðsdeildum sjóðsins sem ekki fella sig við ofangreindar breytingar geta innleyst hluti sína að hluta eða öllu leyti án þóknunar fram til 31. mars 2004.

Luxembourg, febrúar 2004
Stjórn Kaupthing Sicav